Tálknafjarðarhreppur Deiliskipulagstillaga fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu



Skýringar:

- skipulagsmörk / afmörkun svæðisins
- athafnasvæði
- byggingareitur
- núverandi byggingar
- nýr aðkomuvegur
- vatnslagnir
- núverandi fjöruborð



Deiliskipulagssvæðið séð frá sjó

Aðdragandi og tilgangur

Tungusilungur ehf er gamalgróði fyrirtæki í bleikju- og regnbogasilungseldi og vinnslu tengdu eldinu þ.e. flökun og reykingu silungs.
Fyrirtækið hefur áform um að hagræða og auka eldi á landeldisstöð sinni og byggja settjarnir til að koma í veg fyrir að fóðurleyfar fari út í sjó. Ennfremur er ætlun að flytja seiðaeldi, sem nú er við Tálknafjarðarhöfn, á svæðið og byggja hús á uppfyllingu yfir þá starfsemi á svæðinu.
Um er að ræða svæði 11, svokallaðan Breiðapart í landi Innstu Tungu, en landeldi hefur verið á svæðinu síðan 1985 og er þar nú bleikju- og regnbogasilungseldi.
Svæðið er skilgreint er sem iðnaðarsvæði í gildandi Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Ekki er í gildi deiliskipulag af svæðinu.

Almennar upplýsingar

Deiliskipulagssvæðið og núverandi mannvirki

Skipulagssvæðið er á Breiðaparti í landi Innstu Tungu fyrir innan þéttbýliskjarnan og afmarkast af Tálknafjarðarvegi nr. 617 að vestan, Maggalæk að norðan, fjöru að vestan og landamörkum Gileyrar að sunnan. Núverandi stærð svæðisins með landfyllingu er 3,56 ha. Aðkoma að svæðinu er frá Tálknafjarðarvegi.
Svæðið neðan vegar er mólendi með háum bökkum til sjávar og undan fjöru er grunnsævi. Svæðið er við svokallað Hóp innan Sveinseyrar og er allt Hópið skilgreint sem hafnarsvæði og er hafnarstjórn umdagnaraðili um allar framkvæmdir við Hópið.
Fiskeldi er þegar starfrækt í 5 steinsteyptum eldiskerjum á landfyllingu, þremur á norðurhluta og tveimur á suðurhluta, samtals 2.576 m2 að stærð.
Auk þess eru 8 minni færanleg ker fyrir seyði. Þrjú fóðursíló, ásamt tilheyrandi gámi með vélbúnaði, eru ofan við kerin við núverandi aðkomuveg.
Opinn hjallur er sjávarmegin við ker á suðurhluta svæðisins.
Rafstöð rensliskirkjunar er í gámi við kerin. Vatn er sótt í tvær borholur ofan Tálknafjarðarvegar og í rennslisvirkjunina. Núverandi vatnsnotkun er undir 70 lítrum á sekúndu, (66 - 67 lítrar / sek).
Aðstaða fyrir starfsmenn er, og verður áfram, í byggingu Tungusilungs á Strandgötu 39.

Fyrirhugaðar framkvæmdir

Ætlunin er að fjölga eldiskerjum um eitt og byggja tvær settjarnir til að koma í veg fyrir að fóðurleifar fari út í sjó. Ennfremur er ætlun að flytja seiðaeldi, sem nú er við Tálknafjarðarhöfn, á svæðið og byggja hús, að hluta til á uppfyllingu, yfir þá starfsemi. **Efni í uppfyllingu verður sótt í sjávarbakkan.** Uppfylling og hlaðinn bakki hennar falla undir c-flokkframkvæmda og eru tilkynningaskyldar til sveitarfélagsins. Seiðaeldistöðin fær affallsvatn frá Tunguvirkjun sem er innan við Tálknafjarðarhöfn. Vatnsleiðsla sem annar allt að 60 sekúndulítrum verður lögð í fjöruborðinu að seiðaeldisstöðinni. Nýr vegur verður lagður eftir gömlum vegslóða aðathafnasvæði seiðaeldisstöðvarinnar.

Skipulagsskilmálar

Lög og reglugerðir

Almennt er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga:
Skipulags- og byggingarlög (123/2010), Lög um náttúruvernd (44/1999), lög um náttúruvernd (44/1999), vegalög (45/1994), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), þjóðminjalög (107/2001), skipulagsreglugerð (400/1998), lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og byggingarreglugerð (112/2012).

Deiliskipulag

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 39.785,5 m2 iðnaðarlóð þar af er ný landfylling 4.158 m2 og allt að 7000 m3. Þrjú athafnasvæði eru á lóðinni, svæði við fóðursíló, svæði við fyrirhugað seiðiseldisshús og eldisker á norðurhluta lóðar og svæði við eldisker á suðurhluta. Ný aðkoma að athafnasvæðum er frá Tálknafjarðarvegi og verður eldri aðkoma lögð niður.
Fimm byggingarreitir eru á lóðinni, merktir B1, B2, B3, B4 og B5.

Framleiðsla

Núverandi framleiðsla er 130 tonn af bleikjuflökum og 8 tonn af regnbogasliungsflökum. **Leyfi er fyrir 200 tonna** framleiðslu og er áætlað að ná því marki að framkvæmdum loknum.

Byggingareitir og byggingarskilmálar

Reitur **B1** er ætlaður fyrir seiðiseldishús allt að 600 m2 að stærð. Húsið verður bogaskemma og hámarkshæð allt að 9 m frá jörðu. Reiturinn verður 2600 m2 að stærð.
Reitur **B2** er fyrir annarsvegar rafstöð og hinsvegar aðstöðuhús samtals allt að 80 m2 að stærð. Mænishæð allt að 4 m frá jörðu.
Reitur **B3** er fyrir fóðursílo og vélagám þeim tengdur allt að 80 m2 að stærð.
Reitur **B4** er fyrir nýtt eldisker og settjörn fyrir afrennsli kerja.
Reitur **B5** er fyrir nýja settjörn fyrir afrensli kerja á suðursvæði.
Litir og efnisval og mannvirkja skal vera í samræmi við umhverfi og leitast við að aðlaga þau að landslagi.

Í skipulagsreglugerð, grein 5.3.2.14, um skipulag við vötn, ár og sjó kemur fram að utan þéttbýlis skuli ekki byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Í grein 3.5.2.5 um samgöngur segir að byggingar skuli ekki staðsetja nær þjóðvegum en 50 m.
Byggingarreitir eru innan við 50 m frá núverandi sjávarbakka. Svæðið er að mestu leiti manngert þ.e. eldistjarnir og því ekki um upprunalega strandlínu að ræða.
Þessi staðsetning byggingarreita er mikilvæg til að hægt sé að nýta núverandi mannvirki, veitur og eldistjarnir, með nýjum.
För almennings meðfram sjávarbakkanum verður ekki hindruð nema við sérstakar aðstæður í starfseminni og þá tímabundið.

Frágangur lóðar

Forðast skal skemmdir á landi og gróðri umfram það sem nauðsynlegt er meðan á framkvæmdum stendur. Leitast skal við að halda yfirbragði svæðisins og græða upp þau landsár sem verða við framkvæmdir.
Ný landfylling verður tekin úr sjávarbakkanum ofan fyrirhugaðs seiðieldishúss.
Kantar landfyllingar verða hlaðnir með stórgrýti og verður hannað snið í grjótvörn.
Athafnasvæði verða að hluta til steypt en að mestu með sjávarmöl.

Aðkoma og vegir

Eldri aðkomuvegur að fóðursilóum og suðurhluta svæðisins verður lagður niður.
Nýr aðkomuvegur verður lagður að seiðiseldistöð á norðurhluta svæðisins.
Tengingin verður jafnhá vegi í að lágmarki 20 m næst þjóðvegi (um 3% halli).
Klæðning verður á tengivegi á a.m.k. 5m löngum kafla frá þjóðvegi.
Fóðurgeymslur fiskeldið eru við Tálknafjarðarhöfn og er fóður flutt þaðan á pallbílum sem eru max 8 metrar á lengd.

Göngu- og reiðleiðir

Engar göngu og reiðleiðir verða á svæðinu en þess verður gætt að almenningur geti gengið eftir fjörunni óhindrað

Lýsing

Lýsing skal hæfa starfseminni á hverjum stað bæði hvað varðar ljósmagn og útlit.
Gæta skal þess að valda ekki óþarfa ljósmengun.

Brunavarnir

Gott aðgengi er að vatni til slökkvistarfa á svæðinu. Slökkviliðsstöð Tálknafjarðar er í u.þ.b. 1 km fjarlægð.

Rafmagn

Rafmagn er fengið úr rennslisvirkjun á svæðinu.

Vatnsveita

Vatn til eldisins er fengið ú tveimur borholum ofan við svæðið og rennslisvirkjun á svæðinu. Núverandi vatnsnotkun er undir 70 lítrum á sekúndu. Vatn til seiðaeldis verður fengið úr Tunguvirkjun innan við höfnina og verður lögð 325 mm leiðsla í fjöruborðinu til hússins.

Frárennsli

Allt afrennsli úr eldiskerjum og seiðiseldi verður leitt í settjarnir til að koma í veg fyrir að fóðurleifar fari út í sjó. Afrennsli af seiðaeldi skal vera fiskhelt.

Sorphirða

Meðhöndlun úrgangs skal vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Fornminjar

Ekki er vitað um fornleifar á svæðinu en fornleifafræðingur mun hafa eftirlit með framkvæmdum. Verði vart við fornleifar við framkvæmdir skal hafa samband við Minjastofnun eins fljótt og unnt er.

Náttúruvernd

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá. Innan lóðar er ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúrvernd (44/199). Vísað er í 39. málsgrein laga um náttúrvernd varðandi vernd skóga og annarra gróðursamfélaga.


Náttúruvá

Leitað var til Veðurstofu Íslands um mat á því hvort þörf væri á ofanflóðahættumati vegna starfsemi á svæðinu. Niðurstaða Veðurstofunar barst 4. des. 2017
Niðurstaða Veðurstofu Íslands:

Ofan við Innstu-Tungu er Tungufjall með brún í tæplega 300 m hæð. Upptakahalli snjóflóða er niður í um 100 m hæð. Sjónarhorn frá skipulagssvæðinu í fjallsbrún er 25°-27°. Samtkvæmt viðmiðum Veðurstofunnar er þörf á staðbundnu hættumati ef sjónarhornið er hærra en 15° eins og er í þessu tilfelli.

Þessi þörf á staðbundnu hættumati miðast við að það sé nokkuð regluleg viðvera starfsmanna á svæðinu. Samkvæmt reglugerð um flokkun og nýtingu hættusvæða er leyfilegt að byggja atvinnuhúsnæði á B-svæði og er þá gert ráð fyrir að þar sé regluleg viðvera. Sé hinsvegar ekki búist við reglulegri vinnu, eins og á við um dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur samþærileg mannvirki, mætti reisa byggingarnar á C-svæði og væri þá ekki þörf á staðbundnu hættumati.

Ekki er gert ráð fyrir reglulegri viðveru á svæðinu. Seiðaeldisstöðinni og fiskeldinu er, og verður, sinnt frá Strandgöötu 39 og þar verður einnig aðstaða starfsmanna.



Aðakskipulag Tálknafjarðar 2006 - 2018 m.s.br.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitastjórn þann _____

Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdarfresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B deild Stjórnartíðinda þann_____

Deiliskipulag þetta öðlast gildi þann _____

TUNGUSILUNGUR	TÁLKNAFIRÐI
deiliskipulag Deiliskipulag: lóð undir fiskeldi og seiðisstöð	no 01 kvarði 1:2000
dags. 11.feb. 2019	breytt

teiknistofa GINGI
Miðtún 1, 460 Tálknafjörður
gingi11@simnet.is sími 6976984
arkitektar faí
Gunnlaugur Björn Jónsson kt. 110254-3349